



FJÖLSKYLDUSTEFNA

SELTJARNARNESS

EFNI	
ÁVARP BÆJARSTJÓRA	3
FORMÁLI	4
INNGANGUR	4
MEGINMARKMIÐ FJÖLSKYLDUSTEFNUNNAR	5
ÁBYRGÐ OG EFTIRFYLGÐ FJÖLSKYLDUSTEFNUNNAR	5
DAGGÆSLA Í HEIMAHÚSUM	7
SKÓLAR	8
LEIKSKÓLAR	8
GRUNNSKÓLI	9
TÓNLISTARSKÓLI	9
MÁLEFNI ALDRADRA	11
ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF	12
FORVARNIR OG FRÆÐSLA	13
MENNING	14
FJÖLMENNING	14
ÆSKULÝÐSSTARF KIRKJUNNAR	15
JAFNRÉTTISMÁL	15
ÚTIVIST OG UMHVERFI	17
SKIPULAGSMÁL	18
HÚSNÆÐISMÁL	18
VEITUSTOFNANIR	19
STARFSFÓLK SELTJARNARNESBÆJAR	19

ÁVARP BÆJARSTJÓRA

Íslenskt samfélag hefur tekið stórstíguum breytingum undanfarna áratugi. Lengi vel þótti það fremur einsleitt og gegnsætt í samanburði við önnur lönd en sú er ekki raunin lengur. Nú til dags búa Íslendingar í fjölmenningarlegu og hraðskreiðu nútímasamfélagi þar sem sýn okkar tilvist og hlutverk fjölskyldunnara hefur tekið umtalsverðum breytingum. Nútímafjölskyldan í sinni margvíslegu og fjölbreyttu mynd gegnir þó sem fyrr lykilhlutverki í samfélaginu og lífi hvers og eins. Það hefur lengi verið stefna Seltjarnarnesbæjar að skapa íbúum bestu skilyrði til vaxtar og þroska og þannig stuðla að auknum lífsgæðum Seltirninga. Hæfir einstaklingar og ánægðir bæjarbúar leggja grunninn að því öfluga og eftirsóknarverða samfélagi sem Seltjarnarnes er orðið í augum margra landsmanna.

Fjölskyldustefna Seltjarnarness sem nú liggur fyrir skapar heildstæða og metnaðarfulla umgjörð um þjónustu Seltjarnarnesbæjar en jafnframt um það hvernig bæjarstjórn hyggst búa að þessari grunneiningu samfélagsins til framtíðar litið. Fjölskylduvænt samfélag byggir á jafnræði, lýðræði og virðingu fyrir einstaklingum. Fjölskyldustefnan mun liggja til grundvallar í allri starfsemi bæjarfélagsins og stofnanir jafnt sem nefndir bæjarins munu ætla henni stað í starfsemi sinni og daglegri þjónustu við íbúa. Á þann hátt getur bæjarfélagið lagt sitt af mörkum og stuðlað að því að fjölskyldur á Seltjarnarnesi njóti fyrsta flokks búsetuskilyrða og lífskjara hverju sinni.



Jónmundur Guðmarsson

FORMÁLI

Fjölskyldustefna Seltjarnarnesbæjar var unnin af hópi fólks sem bæjarstjórn ákvað að skipa til verksins þann 9. apríl 2003. Í þennan hóp voru skipuð Guðrún B. Vilhjálmisdóttir, formaður hópsins, Bjarni Torfi Álfþórsson, Edda Kjartansdóttir, Berglind Brynjólfsdóttir og Styrmir Þór Bragason. Sigrún Hv. Magnúsdóttir félagsráðgjafi starfaði með hópnunum. Á seinni stigum tóku Sigrún Edda Jónsdóttir og Snorri Aðalsteinsson einnig þátt í vinnu starfshópsins. Hópurinn hélt 11 fundi og átti samstarf við fjölmarga aðila í bæjarfélaginu um mótun stefnunnar. Óskað var eftir hugmyndum og tillögum frá íbúum, félögum og stofnunum við gerð hennar. Hafa margir lagt hönd á plóginn með ábendingum og tillögum. Stefnan var samþykkt samhljóða á fundi bæjarstjórnar þann xx.xx. 2006.

INNANGANGUR

Fjölskyldan er hornsteinn hvers samfélags. Stefna Seltjarnarnesbæjar er að hlúa eins vel að fjölskyldunni, mikilvægustu grunneiningu hvers bæjarfélags, og hægt er. Í fjölskyldustefnu Seltjarnarnesbæjar eru sett fram markmið um hvernig stuðla skuli að fjölskylduvænu samfélagi sem þjóni og taki mið af þörfum íbúanna auk þess að gefa þeim kost á að njóta sín sem einstaklingar og heild. Í framhaldi af hverju markmiði er skýrt frá leiðum til að ná markmiðinu.

Með fjölskyldustefnu þessari er lagður grunnur að því hvernig best verði búið að fjölskyldum á Seltjarnarnesi. Fjölskyldustefnunni er ætlað að hafa áhrif á umgjörð og velferð fjölskyldna, hún stuðlar að minna álagi á fjölskyldur og er ætlað að hafa forvarnaráhrif og efla lífsgæði íbúanna. Hún styður foreldra við uppeldi barna sinna og skapar þeim stöðugt og styðjandi umhverfi. Góð aðstaða barna og unglinga til náms, tómstunda og íþróttar, þar sem þeim er tryggt öryggi, er afar mikilvæg bæði fyrir foreldrana og einnig gagnvart börnunum sem búa að því á fullorðinsárum. Ákjósanleg skilyrði fjölskyldna styrkja þrótt þeirra og hæfni þeirra til að vaxa af vanda frekar en að bugast.

Síðustu áratugi hafa orðið miklar breytingar á fjölskyldum og hefur stórfjölskyldan, þar sem þrír ættliðir þjuggu saman, oftast í dreifbýli, nánast horfið. Kjarnafjölskyldan hefur einnig hropað og er margs konar fjölskyldugerðir að finna í samfélagi nútímans. Margir kjósa einnig að búa einir og höfðar fjölskyldustefnan einnig til þeirra.

FJÖLSKYLDUSTEFNA

SELTJARNARNESS

MEGINMARKMIÐ FJÖLSKYLDUSTEFNUNNAR ERU:

- að þróa samfélagslega umgjörð sem leggur áherslu á fjölskylduna.
- að skapa sem best skilyrði til þess að foreldrar geti sinnt uppeldi og þörfum barna sinna.
- að bjóða börnum og unglingum ákjósanlegar aðstæður til menntunar og að efla félagsþroska.
- að veita foreldrum jöfn tækifæri til að sinna umönnun og fjölskylduábyrgð.
- að samræma þjónustu leik- og grunnskóla við íþróttaiðkun, tónlistarnám og tómstunda- og félagsstarf.
- að stuðla að aukinni útivist, hreyfingu og heilbrigðu líferni fjölskyldna með góðu aðgengi um óbyggð svæði og náttúruperlur.
- að styðja aldraða á þann hátt að þeir geti haldið eigið heimili eins lengi og heilsa þeirra leyfir.
- að vinna markvisst forvarnarstarf gegn áfengis- og vímuefnaneyslu og hvetja til heilbrigðra lífshátta.
- að styðja fjölskyldur og veita ráðgjöf um uppeldi barna.
- að álagningu gjalda bæjarsjóðs sé stillt í hóf og kappkostað að veita markvissa og góða þjónustu.

ÁBYRGÐ OG EFTIRFYLGÐ FJÖLSKYLDUSTEFNUNNAR

Félagsmálaráð Seltjarnarness fylgir fjölskyldustefnunni eftir í umboði bæjarstjórnar með því að yfirfara markmið hennar og meta hvernig hefur gengið að ná þeim. Náið samstarf verður við öll svið bæjarfélagsins um framkvæmd hennar. Árlega verður lagt mat á hvað hefur áunnist og það kynnt bæjarstjórn og þeim aðilum sem bera ábyrgð á viðkomandi málaflokki/þjónustu. Sett verða tímamörk á þau markmið sem ekki hafa náðst sé þess kostur. Fjölskyldustefnan verður endurskoðuð að tveimur árum liðnum.

FJÖLSKYLDUSTEFNA SELTJARNARNESS



HÉR Á EFTIR ER NÁNAR GREINT FRÁ ÞVÍ HVERNIG FJÖLSKYLDUSTEFNAN VERÐUR FRAMKVÆMD HJÁ SELTJARNARNESBÆ, FÉLÖGUM OG STOFNUNUM EFTIR MÁLAFLOKKUM, ÞJÓNUSTU OG STARFSEMI. FYRST ER NEFNT ÞAÐ SEM Í BOÐI ER OG HVER ERU MARKMIÐ FJÖLSKYLDUSTEFNUNNAR. ÞÁ ER GREINT FRÁ ÞVÍ HVERNIG NÁ SKAL MARKMIÐUNUM.

DAGGÆSLA Í HEIMAHÚSUM

Foreldrum býðst daggæsla hjá dagforeldrum fyrir börn frá 6 mánaða aldri. Í boði er daggæsla í fjórar til níu klukkustundir á dag. Daggæsla er niðurgreidd af bæjarfélaginu til þess að létta fjárhagslega undir með foreldrum. Leikskólafulltrúi hefur umsjón með leyfum til daggæslu og virkt eftirlit með starfseminni.

MARKMIÐ:

Á Seltjarnarnesi stefnum við að því að daggæsla í heimahúsum verði eftirsóknarverður og tryggur kostur fyrir foreldra yngstu barnanna frá því að fæðingarorlofi lýkur þar til börnin komast í leikskóla.

- Komið verði enn frekar til móts við útgjöld foreldra vegna daggæslu þannig að þau verði svipuð og kostnaður vegna leikskóladvalar barna.
- Dagforeldrum sé veittur stuðningur og fræðsla með námskeiðum og ráðgjöf.
- Dagforeldrar séu styrktir til kaupa á búnaði.
- Starf dagforeldra verði gert eftirsóknarverðara með samstarfi við leikskóla og tengslum við aðra dagforeldra.

SKÓLAR

Í bæjarfélaginu eru starfandi grunnskóli, tónlistarskóli og tveir leikskólar. Leikskólinn þjónar börnum frá 18 mánaða til 6 ára aldurs. Grunnskólinn þjónar börnum frá 6-16 ára aldurs. Tónlistarskólinn býður upp á kennslu barna frá 5 ára aldri og hefur starfsemi hans vaxið ár hvert allt frá stofnun hans. Gott samstarf grunn- og tónlistarskóla við Íþróttafélagið Gróttu hefur tryggt að skóladagur yngri barnanna er samfelldur sem þýðir að börn geta lokið íþróttæfingum og tónlistarnámi fyrir lok venjulegs vinnudags foreldra. Matseðlar leik- og grunnskóla eru samræmdir.

LEIKSKÓLAR

Leikskólar bæjarins eru tveir og starfa hvor eftir sinni stefnu þar sem annar skólinn leggur áherslu á umhverfismál og hinn á leik í starfi. Það er stefna bæjarfélagsins að auka hlutfall fagmenntaðra starfsmanna og tryggja öllum starfsmönnum aðgang að námskeiðum sem nýtast þeim í starfi.

MARKMIÐ:

Seltjarnarnesbær stefnir að því að vera í fararbroddi um gæði leikskólastarfs. Þar er áhersla lögð á að einstaklingurinn fái notið sín við bestu uppvaxtarskilyrði. Stefnt er að því að börn geti hafið dvöl í leikskóla við 18 mánaða aldur.

- Öllum börnum frá 18 mánaða aldri standi til boða dagvist í allt að 9 tíma á dag.
- Leikskólarnir uppfylli meginmarkmið Aðalnámskrár leikskóla.
- Börnum og starfsfólki sé tryggð örugg aðstaða í leik og starfi.
- Börnum og starfsfólki bjóðist hollur og næringarríkur matur, samkvæmt stefnu Manneldisráðs.
- Samstarf við foreldra, félög og stofnanir, sem bjóða þjónustu til leikskólabarna, verði eflt.
- Veitt sé öflug sérfræðiþjónusta.
- Náíð samstarf sé milli leikskólans og grunn- og tónlistarskóla.
- Kennsla og fræðsla til nýbúa verði efld.
- Öll börn hafi jafnan rétt til leikskóladvalar.



GRUNNSKÓLI

Einn grunnskóli er starfandi á Seltjarnarnesi. Kennsla fer fram á tveimur stöðum, í Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla. Skólustarf er heildstætt og leitast verður við að tengja skólastigin enn frekar.

MARKMIÐ:

Seltjarnarnesbær stefnir að því að vera í fararbroddi um gæði grunnskólustarfs. Búa skal þannig að grunnskólanum að öryggi og vellíðan fjölskyldunnar og starfsmanna sé ávallt í fyrirrúmi.

- Skólinn uppfylli meginmarkmið Aðalnámskrár grunnskóla.
- Einstaklingsmiðað nám verði viðhaft eins og kostur er.
- Börnum og starfsfólki bjóðist hollur og næringarríkur matur, samkvæmt stefnu Manneldisráðs.
- Í boði sé öflug sérfræðipjónusta sálfræðings, námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðings og teymis sérkennara.
- Samstarf skóla og foreldra sé öflugt.
- Hugað verði að öflugu upplýsingastreymi milli skóla og samfélags.
- Þátttaka í forvarnarverkefnum verði aukin og börnum og unglingum veitt nauðsynlegt aðhald.
- Samstarf skóla og íþrótt- og tómstundafélaga verði styrkt enn frekar þannig að íþrótt- og tómstundastarf barna fari fram í framhaldi af venjulegu skólustarfi.
- Vinnudagur nemenda sé samfelldur.
- Boðið sé upp á lengda viðveru fyrir börn í 1.-3. bekk.
- Kennsla og fræðsla til nýbúa verði efl.
- Náíð samstarf sé milli grunnskólans og leik- og tónlistarskóla.

- Áhersla sé lögð á umferðaröryggismál og önnur forvarnarverkefni.
- Útikennsla verði efl og fræðasetrið í Gróttu nýtt enn frekar.

TÓNLISTARSKÓLI

Öll börn á Seltjarnarnesi, sem hafa áhuga, geta stundað tónlistarnám. Við Tónlistarskóla Seltjarnarness stunda að öllu jöfnu rúmlega 200 börn tónlistarnám. Tekist hefur að skapa sérlega góð tengsl milli skólans og leik- og grunnskóla bæjarins. Tónlistarskólinn sér til dæmis að hluta um tónlistarkennslu leikskólabarna og hefur hún skilað góðum árangri. Nálægð þessara stofnana hefur skapað tækifæri til að tengja stofnanirnar og starfsemi þeirra saman þannig að nám barnanna verði ein samfelld heild, fjölskyldum og börnunum til mikils hagræðis.

MARKMIÐ:

Seltjarnarnesbær stefnir að því að vera í fararbroddi um gæði skólustarfs og möguleika barna til þátttöku í tónlistarviðburðum. Búa skal þannig að skólanum að öryggi og vellíðan nemanda og starfsmanna sé ávallt í fyrirrúmi.

- Boðið sé upp á kennslu á sem flest hljóðfæri.
- Boðið sé upp á lúðra- og strengjasveitir fyrir börn á öllum aldri.
- Nemendum og kennurum sé tryggt góð vinnuaðstaða.
- Nemendum standi til boða, í samvinnu við grunnskólann, að mæta í einkatíma áður en skóladegi lýkur.
- Í boði sé kennsla fyrir leikskólabörn.
- Áhersla sé lögð á öflugt foreldrastarf og aukið upplýsingastreymi til íbúa.

FJÖLSKYLDUSTEFNA SELTJARNARNESS



M Á L E F N I A L D R A Ð R A

Tíundi hver íbúi á Seltjarnarnesi telst aldraður samkvæmt skilgreiningu laga um málefni aldraðra. Í bæjarfélaginu eru 64 íbúðir sérstaklega ætlaðar eldra fólki. Boðið er upp á heimilisþjónustu sem léttir undir með öldruðum í heimilisstörfum og veitir þeim félagslegan stuðning og aðstoð við aðföng. Í boði er öflugt félagsstarf aldraðra. Starfrækt er dagvist fyrir aldraða. Elli- og örorkulífeyrisþegum er veittur afsláttur af fasteignagjöldum, tengt tekju- og eignamörkum, sem getur numið allt að 100% af gjöldum. Starfandi er hjúkrunarfræðingur á Heilsugæslustöð Seltjarnarness sem sinnir sérstaklega heilsugæslu aldraðra.

MARKMIÐ:

Á Seltjarnarnesi er lögð áhersla á að gera öldruðum kleift að búa á eigin heimili eins lengi og kostur er. Aldraðir geti notið lífsins og átt góðar stundir. Nauðsynlegt er að tryggja gott aðgengi aldraðra að þjónustu. Þjóða þarf öldruðum þjónustu í samræmi við heilsufar þeirra, væntingar og þarfir.

- Starfsmenn heimþjónustu og heimahjúkrunar myndi samstilltan hóp og veiti þjónustuna þannig að hún verði sem samfelldust.
- Starfsemi dagvistar fyrir aldraða verði aukin til að mæta þörfum þeirra sem þurfa meiri umönnun og erfitt eiga með að búa einir.
- Fjölbreytni í félags- og tómstundastarfi verði aukin.
- Unnið sé að fyrirbyggjandi heilsuvernd meðal aldraðra og komið í veg fyrir félagslega einangrun þeirra.
- Öldruðum sé tryggt enn betra aðgengi að íþróttamannvirkjum bæjarins til heilsubótar og hreyfingar og boðið sé upp á íþróttir við hæfi.
- Bæjarbúum 65 ára og eldri séu veittar upplýsingar um þjónustu á vegum Seltjarnarnesbæjar og þau réttindi sem fylgja starfslokum.
- Fræðslustarf verði eftt og öldruðum veitt tækifæri til að kynnast nýrri upplýsingatækni til dæmis með tölvufræðslu.
- Starfræktur verði leshringur í samvinnu við Bókasafn Seltjarnarness.
- Byggt verði hjúkrunarheimili fyrir Seltirninga í nágrenni bæjarins á næstu árum.

Í Þ R Ó T T A - O G T Ó M S T U N D A S T A R F

Á Seltjarnarnesi er boðið upp á öflugt íþrótt- og tómskundastarf. Íþróttahús, knattspyrnusvæði, sundlaug, félagsheimili og félagsmiðstöð eru miðsvæðis í bænum, örstutt frá skólum. Íþróttafélagið Gróttta veitir þjálfun í öllum helstu greinum íþróttanna. Í félagsmiðstöðinni Selinu er unnið að uppbyggjandi tómskundastarfi með börnum og unglíngum. Starfandi eru trimm- og gönguhópar og í boði er sundleikfimi. Boðið er upp á fjölbreytt sumarnámskeið og sumarstörf í vinnuskólanum.

MARKMIÐ:

Markmiðið er að efla og hvetja fjölskyldur til almennrar þátttöku í íþrótt- og tómskundastarfi eins og kostur er. Halda þarf á lofti mikilvægi íþrótt- og félagsstarfs fyrir þroska barna og unglínga og sem vettvangi heilbrigðra lífshátta og samveru fjölskyldunnar.

- Lögð sé áhersla á samþættingu og samfelli milli leikskóla, grunnskóla, íþrótt- og tómskundastarfs með það að markmiði að börn og unglíngar geti valið á milli sem flestra viðfangsefna.
- Sem minnst skörun verði á viðfangsefnum og verkefnum sem börnum og unglíngum standa til boða.
- Öll börn og unglíngar eigi samastað í félagsmiðstöðinni Selinu þar sem áhersla er lögð á að styrkja félagsþroska og efla samskiptahæfni.
- Allir hafi sama rétt, fái sambærilegt viðmót og njóti sömu hvatningar til að taka þátt í því sem í boði er. Gæta skal sérstaklega að börnum og unglíngum sem standa illa félagslega og/eða fjárhagslega.
- Gætt sé jafnræðis við ákvarðanir og úthlutun styrkja á vegum bæjarfélagsins.
- Boðið sé upp á eins góða aðstöðu til íþrótt- og tómskundastarfs og kostur er.
- Seltirningar fái áfram notið þeirra forréttinda að mikil nálægð er milli íþróttasvæða, skóla og tómskundastarfs í bænum.
- Stuðlað verði að áframhaldandi uppbyggingu íþrótt- og æskulýðsmannvirkja í bæjarfélaginu.
- Upplýsingar um íþrótt- og tómskundastarf séu aðgengilegar bæjarbúum á heimasíðum íþróttafélagsins og bæjarins.
- Vinnuskólinn veiti unglíngum sumarstörf þar sem í boði sé verkþjálfun og fræðsla.
- Boðið sé upp á fjölbreytt sumarnámskeið.
- Almenningsíþróttir verði eflar, meðal annars með tilliti til heilsuverndar og samveru fjölskyldunnar.
- Fjölbreytni íþróttastarfs fyrir aldraða verði aukin.
- Íþróttahópar á Seltjarnarnesi tengist betur.
- Hvatt verði til heilsueflingar meðal fjölskyldna.
- Veittar séu viðurkenningar til efnilegs íþróttafólks, útnefndir séu íþróttamaður og íþróttakona Seltjarnarness og veittar viðurkenningar fyrir vel unnin störf að íþrótt- og tómskundamálum í bænum.

FORVARNIR OG FRÆÐSLA

Margvíslegt forvarnarstarf er unnið í skólunum, félagsþjónustunni, íþróttafélaginu og félagsmiðstöðinni Selinu. Starfandi er forvarnarfulltrúi. Samráðshópur, sem skipaður er fulltrúum frá öllum stofnunum bæjarfélagsins sem sinna börnum og unglíngum, ásamt fulltrúum frá lögreglu, kirkju og heilsugæslustöð, hittist reglulega nokkrum sinnum á ári og markar stefnu og aðgerðir í vímuvörnum. Þessi hópur er fjölskipaður og hefur starfað frá árinu 1995.

MARKMIÐ:

Á Seltjarnarnesi skal stefnt að því að efla skilning á eðli og hlutverki fjölskyldunnar á mismunandi æviskeiðum og styrkja og efla foreldra í uppeldishlutverki sínu. Einnig skal vinna markvisst gegn neyslu vímuefna meðal ungmenna og stefnt að því að grunnskólar bæjarins verði vímuefnalausir. Lögð verði áhersla á forvarnargildi góðs fjölskyldulífs og samverustunda fjölskyldunnar.

- Boðið sé upp á öflugra ráðgjöf og fræðslu.
- Sérhæfð aðstoð standi til boða þeim foreldrum og forráðamönnum sem reynist foreldrahlutverkið erfitt.
- Foreldrum, sem eignast börn í fyrsta sinn, standi til boða fræðsla um foreldrahlutverkið og umönnun barnanna.
- Foreldrum barna, sem eru að hefja skólagöngu í grunnskóla, standi til boða fræðsla um þarfir barna og foreldrahlutverkið.
- Foreldrum barna, sem eru að byrja í 7. bekk, bjóðist fræðsla um þroska unglingsáranna og hlutverk foreldra á þessum árum.
- Unnið sé að alhliða forvarnarstarfi í félagsmiðstöðinni.
- Veitt sé félagsleg ráðgjöf um félagsleg réttindamál og stuðningur vegna félagslegs og persónulegs vanda.
- Boðið verði upp á sálfræðiþjónustu í Heilsugæslustöð Seltjarnarness.

- Samstarf þeirra aðila, sem koma að málefnum barna og unglíngja, sé öflugt.
- Stutt sé við foreldrastarf sem stuðlar að forvörnum.
- Upplýsingar um vímuvarnir og úrræði séu aðgengilegar bæjarbúum.
- Áhersla sé lögð á góða löggæslu.
- Kannaðir verði reglulega hagir, líðan og vímuefnaneysla ungs fólks, meðal annars með rannsóknum í því skyni að fá betri yfirsýn og upplýsingar.
- Foreldrar og forráðamenn barna og unglíngja öðlist þekkingu á þeim aðferðum í uppeldi sem stuðla að jákvæðu lífsviðhorfi barna og unglíngja og sé ljós sú ábyrgð sem á þeim hvílir sem fyrirmyndum og uppaldum.
- Almennir fræðslufundir séu fyrir foreldra um vímuvarnir í samvinnu við foreldrafélög skólanna.
- Skólum, félagsmiðstöð, íþróttafélögum og öðrum, sem vinna að málefnum barna og unglíngja, standi til boða aðstoð og ráðgjöf við að móta forvarnarstefnu og fylgja henni eftir.
- Reglulegt eftirlit verði með opnum leikvöllum og almenningssvæðum til að tryggja öryggi og ástand leiktækja sé kannað reglulega.



M E N N I N G

Á Seltjarnarnesi er gott bókasafn. Það er í verslunarkjarna bæjarins og er opið öllum. Þar eru til útláns bækur, tónlist, myndbönd og hljóðbækur. Þar er aðgangur að tölvum og efnt er til ýmissa uppákoma. Á Seltjarnarnesi eru einnig náttúrugripasafn, lækningaminjasafn, lyfjafræðasafn og fræðasetur í Gróttu. Einnig starfa í bænum kór, lúðrasveit og leiklistarfélag.

MARKMIÐ:

Mikilvægt er að gera menningarlífið öflugt og fjölbreytt fyrir alla aldurshópa. Stefnt skal að því að framboð menningarviðburða höfði til allra meðlima fjölskyldunnar og stuðli þannig að samveru fjölskyldunnar í frítímum.

- Stefnt skal að því að auka enn frekar fjölbreytni bókasafns bæjarins, meðal annars með því að ljúka við að koma þar fyrir náttúrugripasafni.
- Staðið verði fyrir því að fjölskyldur, sem búsettar eru á Seltjarnarnesi og eru frá hinum ýmsu þjóðlöndum, kynni menningu sína.
- Bæjarlistamaður verði valinn árlega.
- Haldnir verði menningardagar annað hvert ár
- Hlúð verði að leiklistarstarfi.

F J Ö L M E N N I N G

Á Seltjarnarnesi býr fólk frá mörgum löndum með ólíka menningu. Seltjarnarnesbær stendur að rekstri Alþjóðahúss ásamt þremur öðrum bæjarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þar er veitt ráðgjöf, túlkþjónusta og margvísleg önnur þjónusta, auk þess sem fólk af erlendum uppruna hefur þar aðstöðu til að njóta samverustunda, fræðslu og menningarviðburða.

MARKMIÐ:

Nauðsynlegt er að auðvelda Seltirningum af erlendum uppruna að aðlagast íslensku samfélagi og gera þeim kleift að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Samhliða því þurfa þeir að viðhalda þekkingu á menningarlegum bakgrunni. Vísýni og virðing fyrir mismunandi viðhorfum og siðum ólíkra menningarheima er grundvöllur þess að samfélagið sé vinsamlegt og umburðarlynt gagnvart öllum íbúum Seltjarnarness.

- Virðing sé borin fyrir uppruna og menningu fólks.
- Börnum og unglíngum séu búnar góðar aðstæður í leik- og grunnskóla til að læra íslensku.
- Þjónusta Alþjóðahúss sé nýtt í þágu fólks frá öðrum löndum.
- Veitt sé ráðgjöf og leiðbeiningar um íslenskt samfélag og vinnumarkað.



Fjölbreytt æskulýðsstarf fer fram innan veggja Seltjarneskirkju þar sem börn og unglingar geta fundið sitt hvað við sitt hæfi. Í hverri viku koma á milli 300 og 400 manns í kirkjuna, börn, unglingar og fullorðnir, og taka þar þátt í ýmsum störfum, sækja sér andlegan styrk eða nota þá þjónustu sem í boði er. Góð samvinna er á milli æskulýðsstarfsins í kirkjunni, félagsstarfs skólanna og félagsmiðstöðvar bæjarins og hefur Seltjarnarnesbær veitt starfinu stuðning með ýmsum hætti.

MARKMIÐ:

- Styðja við öflugt æskulýðsstarf í kirkjunni og efla samstarf milli þeirra aðila sem starfa að æskulýðs- og líknarmálum.
- Öflug tengsl séu milli félagsstarfs á vegum bæjarins og æskulýðsstarfs kirkjunnar.
- Samstarf félagsþjónustu og kirkju að samhjálparkerfum.
- Að Seltjarneskirkja verði áfram vettvangur menningartengdra viðburða í bænum.

Jafnréttisáætlun Seltjarnesbæjar var samþykkt árið 2000 og er endurskoðuð reglulega. Áætlunin tekur til verkefna jafnréttisnefndar, stjórnkerfis og starfsmannastefnu bæjarins, samspils atvinnu- og fjölskyldulífs, kannana og rannsókna, fræðslu og leiðsagnar, kynningar og endurskoðunar. Jafnréttisnefnd er starfandi.

MARKMIÐ:

Markmiðið með jafnréttisáætluninni er að tryggja jafnrétti kynjanna í allri starfsemi bæjarfélagsins. Tilmælum er einnig beint til annarra aðila að tryggja jafnrétti.

- Öllum Seltirningum, sem þess óska, sé veitt fræðsla og aðstoð í jafnréttismálum.
- Lögð sé sérstök rækt við jafnréttisfræðslu hjá börnum á leik- og grunnskólaaldri.
- Því sé beint til skólayfirvalda á öllum skólastigum og til forstöðumanna íþróttá- og æskulýðsstarfs að veitt sé fræðsla um jafnréttismál.
- Starfsfólk og stjórnendur Seltjarnesbæjar fái aukna fræðslu um jafnréttismál.
- Leitast verði við að hafa hlutföll kynjanna sem jöfnust í nefndum, ráðum og stjórnnum hjá Seltjarnesbæ.
- Við ráðningar í störf hjá bænum sé þess gætt að virða jafnan rétt kvenna og karla við mat á umsóknum.
- Veitt verði jafnréttisviðurkenning til þeirrar stofnunar eða fyrirtækis í bæjarfélaginu sem mest hefur unnið að framgangi jafnréttisáætlunarinnar og/eða sýnt jafnréttismálum sérstaka alúð í verki.

Nánari upplýsingar um jafnréttisáætlunina er að finna á heimasíðu Seltjarnesbæjar: www.seltjarnarnes.is.

FJÖLSKYLDUSTEFNA SELTJARNARNESS



ÚTIVIST OG UMHVERFI

Á Seltjarnarnesi geta fjölskyldur af öllum gerðum byggt upp heilbrigt fjölskyldulíf í hreinu, vel hirtu og menningarlegu umhverfi. Þær hafa aðgang að fjölbreyttum leik- og útivistarsvæðum og mikla möguleika á samveru í náttúrunni með góðu aðgengi að fjölbreyttum náttúrusvæðum.

MARKMIÐ:

Gera íbúa meðvitaða um umhverfi sitt með hliðsjón af daglegri neyslu og lífsstíl. Mikilvægt er að huga að áhrifum félagslegs og náttúrulegs umhverfis á hag einstakra aldurshópa og fjölskyldna. Staðardagskrá 21 fyrir Seltjarnarnes tekur til margra þátta sem tengjast fjölskyldustefnu. Meginmarkmið Staðardagskrár er samfélagsþróun sem miðar að jákvæðum samskiptum mannsins við umhverfi sitt. Markmiðið er sjálfbært samfélag sem er byggt upp á jákvæðan hátt, bæði inn á við og út á við gagnvart náttúrulegu umhverfi.

- Allar framkvæmdir taki mið af umhverfi, náttúru og lífríki eins og kostur er.
- Hvers kyns mengun verði haldið í lágmarki.
- Haldið verði áfram hinu mikilvæga umhverfisstarfi sem fram fer í leik- og grunnskólum.
- Göngu- og hjólastígar séu greiðfærir og vel upplýstir og þeim fjölgað eftir þörfum.
- Fjölskyldur hafi aðgang að fjölbreyttum leik- og útivistarsvæðum sem bjóða upp á samveru í náttúrunni.
- Fjölgað verði útivistarstöðum með leiktækjum og útigrillaðstöðu.
- Áfram verði unnið að fegrun bæjarins, ræktun gróðurs og varðveislu náttúruminja.
- Sérstaklega verði hugað að öryggi í umferð sem og greiðum leiðum á milli heimila, skólasvæða og aðgengi að annarri þjónustu með öryggi gangandi íbúa í huga.
- Markmið Staðardagskrár 21 séu höfð að leiðarljósi.

Nánari upplýsingar um Staðardagskrá 21 er að finna á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar: www.seltjarnarnes.is.

SKIPULAGSMÁL

Seltjarnarnes er nánast fullbyggt bæjarfélag. Byggðin er að mestu leyti íbúðarhús af ýmsum stærðum og gerðum en einnig er nokkuð um atvinnu- og þjónustuhúsnæði við Eiðistorg og í nágrenni þess.

MARKMIÐ:

Forsendur nýs aðalskipulags Seltjarnarness 2006-2024 eru meðal annars áhersla á fjölskylduvænt samfélag þar sem umgjörð mannvirkja býður upp á bæjarbrag og svigrúm fyrir fjölþætta starfsemi sem þjónar bæjarbúum. Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að efla miðbæ sem sameiginlegan vettvang fólks og að þar sé aðsetur félags- og menningarstarfsemi við bættar aðstæður.

- Tekið sé tillit til leiksvæða og útiveru fjölskyldna við frágang deiliskipulags í einstökum bæjarhlutum.
- Náttúruleg útivistarsvæði, umhverfisfræðsla og saga byggðar tvinnist saman, þar með talin ákveðin uppbygging í Nesi og aðstaðan í Gróttu.
- Við hönnun og frágang nýrra mannvirkja sé tryggt að þau séu aðgengileg öllum. Haldið verði áfram að yfirfara eldri mannvirki og bæta aðgengi þar sem þess er þörf.

HÚSNÆÐISMÁL

Á Seltjarnarnesi hefur byggð þróast þannig að í boði er húsnæði af mismunandi stærð og gerð sem fellur að þörfum flestra fjölskyldugerða. Flestar fjölskyldur búa í eigin húsnæði. Einnig eru leiguíbúðir á almennum leigumarkaði, leiguíbúðir Búseta með búseturétti, íbúðir fyrir aldraða, leiguíbúðir í eigu bæjarins, leiguíbúðir í eigu samtaka fatlaðra og sambýli fatlaðra.

MARKMIÐ:

Komið sé til móts við fjölskyldur sem eru í húsnæðishrakningum með ráðgjöf og stuðningi. Í boði sé húsnæði sem henti öllum aldurshópum.

- Mat sé lagt á þörf fyrir félagslegt leiguhúsnæði.
- Stutt verði við leigjendur með greiðslu húsaleigubóta.



VEITUSTOFNANIR

Hitaveita Seltjarnarness sér bæjarbúum fyrir heitu vatni og er eign bæjarins. Gjaldskrá hitaveitunnar er mun lægri en í nágrannabæjarfélögum. Orkuveitur sjá bæjarbúum fyrir rafmagni og köldu vatni. Hreinsi- og dælustöðvar koma skólpi í útrásir. Öll heimili á Seltjarnarnesi eru tengd ljósleiðara.

MARKMIÐ:

Veitustofnanir bæjarins bjóða heitt og kalt vatn á góðu verði. Með lágri gjaldskrá er fjölskyldum unnt að nýta þau lífsgæði sem felast í heitu vatni. Hitaveituvatnið er hreint og fullt af steinefnum og öðru sem er gott fyrir heilsuna. Með ljósleiðaratengingu er boðið upp á hraðvirka og fullkomna gagnaflutningsleið. Um ljósleiðara er hægt að flytja öll stafræn gögn, eins og til dæmis hljóð, myndir og texta, á ljóshraða, mesta hraða sem þekktur er.

- Áfram verði rekin hagkvæm hitaveita.
- Boðið sé upp á góða sundaðstöðu með heilsuvatni.
- Veittur sé afsláttur af heitu vatni til sundlaugar og kirkju.
- Bæjarbúum sé tryggt gott kalt vatn sem stuðlar að heilbrigði og hollum lífsháttum.
- Áhersla sé lögð á snyrtilega og fallega ásýnd umhverfis mannvirkja veitustofnana.
- Öll heimili á Seltjarnarnesi séu tengd ljósleiðara.
- Lokið verði byggingu skólphreinsistöðvar og útrása sem tryggja hreinni sjó og aðgengilegri fjörur.

STARFSFÓLK

S E L T J A R N A R N E S B Æ J A R

Hjá Seltjarnarnesbæ er lögð áhersla á að ráða hæft, áhugasamt og traust starfsfólk og efla það í starfi. Lögð er áhersla á að treysta góð samskipti milli starfsmanna og bæjarbúa. Starfsemi bæjarfélagsins miðar að því að veita íbúum alla þá þjónustu, sem ber að veita, á sem hagkvæmastan og skilvirkastan hátt.

MARKMIÐ:

Seltjarnarnesbær leggur áherslu á að auðvelda starfsfólki bæjarins að samræma fjölskylduábyrgð og starf.

- Kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar séu samræmdar eins og kostur er.
- Starfsfólki sé gefinn kostur á að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar, svo sem vegna umönnunar barna og sjúkra á heimili.
- Starfsfólki sé gefinn kostur á hlutastörfum og sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa.
- Tillit sé tekið til aldurs og breytinga á persónulegum högum.
- Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum starfsmanna verði í sem bestu horfi.

Nánari upplýsingar um starfsmannastefnuna er að finna á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar: www.seltjarnarnes.is.



SELTJARNARNESBÆR

2006